Sþ. **582. Þingsályktun**

um milliríkjasamninga.

(Afgreidd frá Sþ. 13. maí).

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka upp samninga við stjórnir hinna norðurlandaríkjanna fjögra um úrslit deilumála, er upp kunna að koma milli Íslands og einhvers þeirra.

Samningarnir sjeu gerðir á þeim grundvelli, að hinn fasti dómstóll í Haag dæmi um þau ágreiningsmál án undantekningar, er ríkisstjórnirnar fá eigi jafnað sín á milli, og sjeu uppsagnarákvæði samskonar og í tilsvarandi samningum, er hin fjögur ríkin hafa þegar gert sín á milli. Samningarnir sjeu gerðir að áskilinni fullgildingu og lagðir fyrir Alþingi áður en fullgilding fer fram.